

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður er verði 2. málslíður og orðist svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**L Ö G**

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Við ákvörðun framlags úr ríkissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr.

24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla ségreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. málslið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 9. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 6 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávisun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*